

From: Rósa Sif Jónsdóttir [rosa@arborg.is]
Sent: 1. mars 2012 15:38
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Afgreiðsla bæjarráðs Árborgar - 258. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 1. mars var tekin fyrir beiðni um umsögn – frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög, fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og eflingu íbúalýðræðis - 258. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Eftirfarandi var bókað:

Bókun vegna beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um sveitarstjórnarlög.

Eitt af helstu verkefnum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum er að gæta aðhalds í rekstri og leita eftir öllum hugsanlegum sparnaðarleiðum, og á það ekki síst við um yfirstjórn sveitarfélagsins. Verði sú tillaga sem hér er til umfjöllunar að lögum myndi það auka kostnað vegna bæjarstjórnar um meira en 100%. Þegar hafa verið sett á fót hverfisráð í 4 byggðarkjörnum sveitarfélagsins sem auka aðkomu íbúanna að stjórnkerfinu. Reynslan af vinnu hverfisráðanna hefur verið góð og þegar verið unnið úr ábendingum sem komið hafa frá hverfisráðunum. Bæjarráð telur að íbúalýðræði sé vel virkt í sveitarfélaginu, má nefna sem dæmi að reglulega eru haldnir opnir íbúafundir um hin margvíslegu mál eins og atvinnumál, skipulagsmál og fræðslumál auk þess að ábendingarhnappar eru virkjaðir á heimasíðu sveitarfélagsins.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir

ritari

rosa@arborg.is

sími 480 1900 fax 480 1901

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.